



MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Námsáætlun - Haust 2026

Franska 6.bekkur - VAL (FRAN2VA05)

Frönsk menning, talæfingar og kvikmynd

Aðalviðfangsefni áfangans er París, menning borgarinnar, listir, saga og daglegt líf í borginni. Nemendur munu vinna með ýmiss konar efni í tengslum við borgina svo sem stutta texta, lagatexta og kvikmyndir. Í áfanganum er lögð áhersla á samskipti og tjáningu á frönsku. Námskeiðið er ætlað nemendum á náttúrufræðibraut sem lokið hafa tveimur árum í frönsku vilja verða öruggari í að tala frönsku.

Markmið

Markmiðið er að efla öryggi nemenda í að tjá sig á frönsku við mismunandi aðstæður í daglegu lífi og nýta til þess þá frönsku sem þeir hafa þegar lært. Eftir námskeiðið eiga nemendur að geta bjargað sér við raunverulegar aðstæður í frönskumælandi borg og þekkja helstu staði og minnisvarða Parísarborgar.

Kennsluhættir

Kennslan byggist á virkri þátttöku og munnlegri notkun tungumálsins í smærri hópum. Nemendur vinna með fjölbreytt gögn (svo sem kvikmyndir, lagatexta, bæklinga og vefsíður) og ýmis þemu sem tengjast París. Franskan er þannig sett í samhengi við daglegt líf, menningu og áhugamál ungs fólks. Mikilvægt er að nemendur þori að tala og prófa sig áfram í að nota tungumálið.

Menningarferð í mars 2027

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynnst lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Skylduþátttaka er í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. **Athugið** að greiða þarf u.þ.b. **50.000 kr. staðfestingargjald 15. september.**

Þeir nemendur sem stunda keppnisþróttir, tónlistar-eða dansnám eða aðra svipaða afþreyingu utan skólans þurfa að gæta þess að gera ráðstafanir til að forðast árekstur viðburða við dagsetningar ferðarinnar til Parísar.

Athugið að áfanginn er þriggja eininga. Tveir tímar eru í töflu, þriðji tíminn er ætlaður í ferðina til Parísar.

Vikuáætlun haust 2026

Vika	Yfirferð
1. 24. 08	Kynning á námskeiðinu, hugstormur – Notre programme idéal à Paris. Kynning á ferðinni og kostnaðinum
2. 31. 08.	Matarmenningin í París – les spécialités culinaires parisiennes. Talæfingar: að panta á veitingahúsi, kaffihúsi eða í bakaríi
3. 07. 09.	Pönnukökubakstur Talæfingar: að panta pönnukökur með áleggjum
4. 14. 09.	Verkefni unnið heima Að kynna mat í París
5. 21. 09.	Spilatími – Le jeu des sept familles des lieux à Paris
6. 28. 09.	Kynning á samgöngum í París (strætó, neðarjarðarlest, sporvagn o.s.frv.) Lag: „Il est cinq heures, Paris s'éveille“ – Jacques Dutronc
7. 05.10.	Samgöngur (framhald). Talæfingar: að rata og fara um í borginni. Að spyrja og vísa til vegar, raðtölur.
8. 12.-10.	Verkefni unnið heima Að búa til leiðarlýsingu með neðarjarðarlestarkerfið.
9. 19. 10	Kvikmynd: „Amélie“ eftir Jean-Pierre Jeunet
10. 26. 10	Kvikmynd: „Amélie“ eftir Jean-Pierre Jeunet Samantekt á frönsku
11. 02. 11.	Verkefni unnið heima Stutt verkefni tengt bíómyndinni
12. 09. 11.	Fatabúðir í París Talæfingar: að fá upplýsingar í fatabúðum
13. 16. 11.	Rattleikur um menningu Parísar
14. 23. 11.	Spurningakeppni um París Klisjur um Frakka
15. 24.-28. 11.	Jólastund – Lag „Petit papa Noël“ og jólaföndur.

Námsmatið er símat sem byggir á nokkrum skilaverkefnum, frammistöðu nemenda í staðtímum, hóp- og einstaklingsverkefnum og einu lokaverkefni. Öll verkefni gilda til lokaeinkunnar. Einnig er farið fram á fulla mætingu í staðtíma og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn. Einkunnir og umsagnir verða gefnar fyrir verkefnin, en lokaeinkunn verðir í formi stafsins „**M**“, sem þýðir staðist.

Athugið

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.

Námsáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar